

Guðrún Kvaran

Vasabækur Björns M. Ólsens

1. Inngangur

Löngu er vitað að mörg orð, sem notuð eru í talmáli, komast seint eða aldrei á bækur. Þetta á m.a. við um staðbundið orðafar sem tengist verkháttum ýmiss konar til sjávar og sveita, veðurlýsingum og talsháttum svo að eitthvað sé nefnt. Orðafari af þessu tagi hefur lítið verið sinnt markvisst. Á vegum Orðabókar Háskólans hefur að vísu verið safnað úr mæltu máli um langt skeið í þættinum *Íslenskt mál*, en þar er mest um að ræða einstök orð og orðasambönd, sjaldnar ákveðin svið. Ýmsir hafa þó veitt þessum orðaforða athygli á liðnum öldum og komið einhverju inn í orðabækur. Þar má nefna Guðmund Andrésson (Gunnlaugur Ingólfsson 1999:xxv), Björn Halldórsson (Jón Aðalsteinn Jónsson 1992:xiii) og Sigfús Blöndal (Gunnlaugur Ingólfsson 1997).

Þess eru einnig dæmi að menn hafi hafið markvissa orðasöfnun úr mæltu máli. Þórbergur Þórðarson byrjaði slíka söfnun vestur í Dýrafirði 1916 og vann að henni fram til 1924 þegar styrkur til hans var felldur niður á fjárlögum (Guðrún Kvaran 1988:57–61; 2001). Á undan Þórbergi safnaði Björn M. Ólsen staðbundnu orðafari og er ætlunin að fjalla um þá söfnun í því sem hér fer á eftir.

2. Björn M. Ólsen og orðasöfnun hans

Björn M. Ólsen (1850–1919), prófessor og síðar fyrsti rektor Háskóla Íslands, var mikill áhugamaður um íslensku og íslensk fræði. Hann mun hafa haft áhuga á að safna til orðabókar um samtíma talmál og hóf söfnun í því skyni. Lítið hefur verið fjallað um þessa söfnun. Til dæmis nefnir Páll Eggert Ólason hana ekki í *Íslenskum æviskrám* og það gerir Sigurður Nordal ekki heldur í þeim tveimur minningargreinum sem birtust eftir hann í *Skírni* (1919:1–8; 1951:5–16). Sigfús Blöndal getur hennar hins vegar í formála að *Íslensk-danskri orðabók* (1920–1924:viii). Þar kemur fram að Björn hafi ferðast um landið fyrir styrk úr Carlsbergsjóðnum danska í því skyni að safna til vísindalegrar

orðabókar en veikindi, önnur vísindastörf og embættisskyldur hefðu komið í veg fyrir að hann gæti lokið ætlnarverki sínu. Hann hafi því afhent Sigfúsi safn sitt sem fékk framhaldsstyrk frá Carlsbergsjóðnum til þess m.a. að vinna úr safni Björns. Þeir Sigfús og Björn skrifuðust á fram til vors 1917 um ýmis vafaatriði á meðan á úrvinnslunni stóð. Í þakklætisskyni tileinkaði Sigfús Birni orðabókina.

Á ferðum sínum um landið skrifaði Björn M. Ólsen niður orð, orðastæður og orðasambönd sem hann heyrði eða spurðist fyrir um. Athuganir sínar skrifaði hann í litlar vasabækur sem varðveittar eru hjá Orðabók Háskólans og ganga þar undir heitinu „vasabækur Björns M. Ólens“. Þær eru fjörutíu að tölu, merktar frá i–xl. Ekki er víst að númerin séu frá Birni komin þar sem ekki eru saman í númeraröð bækur sem saman eiga. Hugsanlegt er að Sigfús hafi tölusett bækurnar til hægðarauka. Á næstum hverja bók hefur hann skrifað: „Orðtekið“, „Búin“ eða eitthvað í þá veru og sett stafina sína við. Ljóst er að Sigfús hefur tekið mikið upp úr vasabókum Björns. Þrátt fyrir það er vel þess virði að skoða bækurnar ef einhverjir eru að sinna orðfræðilegum athugunum. Þar er oft nákvæmari vitneskju að fá en hjá Sigfúsi. Sem dæmi mætti nefna að Sigfús skrifar *Vf.* við orð, sem Björn hafði úr Arnarfirði, og *Ping.* við dæmi sem Björn merkti Langanesi.

3. Vasabækurnar

Eins og áður sagði eru vasabækurnar fjörutíu. Sjaldan er þar að finna dagsetningar á orðasöfnunarferðunum. Þó stendur í bók ix „Byrjuð á Stóruborg 20. júní 1872“ en í henni er ekkert orðakyns. Í bók xx, xxii og xxxi er skráð „Sunnlenzka safnað 9. – 24. júlí 1885“, í bók vi „VSkaptf. 18/7 90“, í bók xi „VSkaptaf. Sísla, birjað 16. júlí 1890“, og í bók v „Austf. 9/8 92.“ Aðrar dagsetningar er ekki að finna sem varpað gætu ljósi á ferðir Björns. Heimildarmanna er ekki getið nema í undantekningartilvikum og þá einkum ef Björn hefur mikið eftir sama manni eða hefur fengið orðalista frá öðrum. Ekki er alltaf merkt hvaðan Björn hefur dæmi sín þótt stundum megi geta sér til um landshlutann. Það þarf þó að fara varlega með staðarákvarðanir þar sem á sömu blaðsíðu geta verið dæmi frá fleiri en einum landshluta eins og fram kemur hér á eftir. Í sumum bókanna er lítið sem ekkert orðakyns, mest minnisþingar en einnig styttri fræðilegar athugasemdir. Björn hefur yfirleitt skrifað með blýanti og eru sumar síðurnar orðnar nokkuð daufar. Mjög víða hefur lóðrétt strik verið dregið yfir blöðin og hygg ég að það sé frá Sigfúsi Blöndal komið og merki að skrifað hafi verið upp af þeim.

Þeim til glöggvunar, sem leita orða af ákveðnu landsvæði, verður nú rakið efni hverrar bókar. Orðin standa stundum stök án merkingarskýringar, stundum er aðeins staðarmerking en oftast fylgir lýsing á merkingu, oft nokkuð rækileg.

Bók I:

- 1–2: orðalistar merktir Árn. og Skaft.
- 3–4: orðalistar merktir Flatey
- 5–7: auðar síður

- 8: skrifað upp kvæðið „Sjáið, hvar sólin nú hnígur“.
- 9: orðalisti merktur Breiðf., Patreksf., Önf.
- 10: orðalisti merktur Árn.
- 11–38: Björn virðist á ferð um Norðurland þar sem dæmi eru merkt Sigl., Melr., Langan., Húsavík, Eyf., NMúl., Axarf., Þing., Aðaldal, Húnav., Borgarf., sem líklegast er eystri. Á blaðsíðu 28–29 er teikning af fjárborg ásamt orðum sem fylgja henni. Á þessum blaðsíðum eru flest dæmin merkt Langanesi.
- 39–48: flestöll dæmin merkt Húsavík. Á bls. 47 hefur Björn skráð hjá sér framburð orðanna *mjólk*, *hjálp*, *lagði* og *hafði*.
- 48: nokkur orð úr V-Skaft.
- 49–52: orð merkt S-Þing., Nl., Eyjaf., Húsavík, en nokkur þó Sl.
- 52–54: orð merkt Grímsey
- 54–69: orð merkt Múl., Eyjaf., Þing. Á blöðum 58–62 eru flest orðin merkt Mývatni.
- 69–77: flest dæmin eru merkt Siglf. Þó eru innan um dæmi frá Ólafsf. og Eyjaf.
- 77–78: rúmlega síða með dæmum af Mýrum
- 79–80: nokkur dæmi merkt Siglf., önnur Húnav. og N-Þing.
- 81–85: flest dæmin eru merkt Húnav., innan um eru þó orð merkt Mýrum, Dalas. og Borgf.
- 86: orð merkt Árn. og Rang.
- 87: ekkert orðanna merkt
- 88: fæst orðanna eru merkt, en þau fáu Mývatni og Vestmannaeyjum
- 89–95: langflest orðanna merkt A-Skaft. Innan um eru þó orð merkt V-Skaft. og Múlas.
- 98–99: nokkur orð merkt Árn., önnur Húnav. og Snæf.
- 100–102: flest orðanna merkt V-Skaft., innan um orð merkt Rang., Vestm. og Snæf.
- 102 og aftur úr: alls kyns athugasemdir og atriði skráð til minnis.

Bók II:

- 1–8: ýmis orð sem ekki eru staðmerkt. Sum eru fengin úr rituðum heimildum.
- 9–10: flest orð merkt Mýr.
- 11–33: ýmis orð, flest ómerkt
- 34–41: flest orð merkt Af., nokkur Nl.
- 44: nokkur orð merkt Grímsey
- 45: nokkur orð ómerkt
- 46: nokkur orð merkt Vestm.
- 47–63: flest orðanna merkt A-Skaft.
- 63–65: orð merkt Sl. eða Rang.
- 66: nokkur ómerkt orð
- 67–69: orð merkt A-Skaft., Nl., Múl., Þing, Borg. (sennilega Borgarfjörður eystri)
- 70–71: nokkur orð ómerkt
- 72–80: ýmis orð úr kvæðum eftir Stefán Ólafsson
- 80–82: orð merkt Múl., Af.
- 83–92: ýmis orð, flest ómerkt
- 93–94: orð merkt Árn.

95–96: orð merkt Nl., Mýv., Eyf.

97–108: ýmis orð, flest ómerkt

109–131: þau orð sem merkt eru eru merkt Sl. og Rang. Ýmsar blaðsíður eru auðar.

131–133: orð um ullarvinnslu. Vísað er í grein í Andvara eftir Kr. J. Höfundur er Kristján Jónasson (1848–1905) og greinin nefnist „Um ull“. Hún birtist í 12. árg., bls. 49–124.

134: orð merkt Rang.

135: orð merkt Eyf., Snæf., Gullbr., Suðurn.

136–153: ýmis orð, flest ómerkt. Nokkrar auðar síður á milli.

154: orð merkt Sl. og Skagaf.

155–156: orð merkt Múl. og Austf.

157: nokkur orð, flest ómerkt

158: nokkur orð, eitt merkt Sl.

159–161: talin upp ýmis rit frá 18. öld

162 og aftur úr: alls kyns athugasemdir og atriði skráð til minnis.

Bók III:

1–15: orðalisti frá Norðurlandi. Flest orðanna merkt Múl., Eyf., Skagf., Húnav.

16–17: orð merkt Dalas., Strand., Borgf., Vestf.

18–19: minnispunktar

20–21: orð merkt Vestf.

23–26: orð merkt Dalas., Vf., Breiðaf.

27–30: yfirskrift (26): „Breiðfirzk nöfn á skutlu.“

31–32: orð merkt Breiðaf.

33–36: orð merkt Vestf.

37–40: orð merkt Arnarf., Snæf., Breiðaf., Vestf.

40–45: orð merkt Rangárv., Árn., Sl., V-Skaft.

46–47: orð merkt Eyf., Borgarf., Þing., Skagaf.

48: orð merkt Breiðaf.

49: nokkur orð merkt Múl.

50–55: orð af Norðurlandi merkt Húnav., Eyf. Innan um orð merkt Árn. og V-Skaft.

56: orð merkt Vf.

57: orð merkt Eyf.

58: nokkur orð, flest ómerkt

59–63: yfirskrift (59): „Exc. Úr Hdr. Stgr. No 95 8vo.“ Neðst á blaðsíðu 63 stendur:
„Þetta er fest inni ferðabók Steingr. Jónssonar 1790–92 og 94–95, er h[ann] var á
visitatíuferð með Hannesi b[isku]pi.“

64: nokkur ómerkt orð

65: orð merkt Þing., V-Skaft., Húnav., Árn.

66–67: auðar síður

68: orð merkt Húnav., V-Skaft.

69–70: nokkur ómerkt orð

- 70: nokkur framburðardæmi. Við *börmonum* er skráð Norðl., Vestf., Sunnl., Austf. Við *voru* stendur Austf., Sunnl., en við *vóru* Vestf., Norðl. (Húnav., Skagaf., Eyf., Þing. – vestan til).
- 71–72: orð merkt Austf.
- 73–78: orð merkt Eyf., Múl., Hornaf., Skaft.
- 78: tvö orð merkt Öfundarf. og Vestf.
- 79–80: orð merkt Húnav.
- 80–82: orð merkt Vf.
- 83: nokkur ómerkt orð
- 84: orð merkt Eyf.
- 85: orð merkt Rang., Eyf., Múl.
- 86–88: orð merkt Vestf., Eyf., Skagf., Hún.
- 89: orð merkt V-Skaft.
- 90–91: orð merkt Árn., Gullbr., Rang.
- 92: nokkur orð, flest ómerkt
- 93–100: orð merkt Eyf., Hún.
- 101: athugasemd um Jónsbók
- 102–106: orð merkt Eyf. og Þing.
- 107–113: orð merkt Örafum
- 114–115: orð merkt Hún., Skag., Eyf.
- 116–119: orð merkt V-Skaft.
- 120: nokkur orð merkt Strand.
- 121: þrjú orð merkt Strand., V-Skaft., Húnav.
- 122: umfjöllun um orðið *prófitur*
- 123: orð merkt Skagaf.
- 124–125: orð merkt Mýv.
- 125: tvö orð merkt Þing. og Múl.
- Afgangurinn ýmist auðar síður eða minnispunktar.

Bók IV:

- 1: listi yfir borð í skipi (*skjaldrim*, *sjóborð*, *miðborð*, *viðtaksborð*, *undirhúfsborð*, *fráskotsborð*, *farborð*, *kjalborð*)
- 2–8: ýmis orð, flest ómerkt
- 11–12: nokkur orð ómerkt, tvö þó merkt „Jóh. í Vík“.
- 13–28: orð merkt Vf. og Dýraf. Fyrir kemur að orð er haft eftir Jóhanni Jóhannessyni, Gjögri, og sr. Páli.
- 29–42: yfirskrift: „Arnfirzka“. Fyrst listi af orðum í stafrófsröð. Talin eru upp nokkur gælunöfn. Síðan taka við orð utan stafrófsraðar.
- 43–97: ýmist ómerkt orð eða merkt Afj. (=Arnarfj.), Vf. eða Dýraf.

Bók V:

- 1: nokkur ómerkt orð
 2: orð merkt Eyf. og Sigluf.
 3–101: yfirskrift (3): „Austf. 9/8 92.“ Frá bls. 5–93 er orðalisti að mestu í stafrófsröð en þó er orðum skotið inn í utan stafrófsraðar.
 102: orð merkt Arnarf.

Bók VI:

- 1–80: yfirskrift (1): „VSkapt. 18/7 90.“ Bókin er að mestu merkt V-Skaft. Þó eru innan um orð merkt Árn., Rang., Hún., Múl.
 80–81: orð merkt Árn. og Rang.

Bók VII:

- Ekkert blaðsíðutal er skrifað í bókina.
 (2): orð merkt Mýr., Skagaf., Húnav.
 (3–7): ýmis orð sem tengjast bátum
 (8): nokkur framburðardæmi úr Fljótum
 (11–15): orð merkt Fljót og Skag.
 (17–18): orð merkt Skag.
 (19–22): orð merkt Árn. og Rang.
 (68–73): ýmsar tilvitnanir í Konráð Gíslason
 (74): orð merkt Rang. og Skaft.
 (76–82): orð merkt Rang. og Skaft.

Bók VIII:

- 2–4: ómerkt orð
 5–7: auðar síður
 8–16: lýsing á uppgreftri
 17–19: „Á Höfða“.
 21–31: flest orð ómerkt en sum merkt Vf.
 32: þrjú orð merkt Bíldudal, Kjalarn., Skagaf.
 33–34: flest orð ómerkt
 35–37: yfirskrift (35): „Kúalitir“. Orðin eru merkt Rang., Húnav.
 38: orð merkt Rang., Árn., V-Skaft.
 39: orð merkt Eyf. og Þing.
 40: orð merkt A-Skaft., Gullbr., Árn. og Skag.
 41: orð merkt Arnarf.
 42: auð síða
 43–44: orð flest merkt Arnarf.
 45: orð merkt Múl.
 46: eitt orð merkt Ísaf.

48: nokkur orð merkt Þing., eitt Arnarf.

49: orð merkt Vestm., Eyjaf., Árn. og Rang.

50 og aftur úr: alls kyns athugasemdir og atriði skráð til minnis.

Bók IX:

Fremst stendur: „Byrjuð á Stóruborg 20. júní 1872“.

40–51: orðalisti nær allur ómerktur.

Að öðru leyti eru í bókinni dagbókarbrot og ýmislegt til minnis.

Bók X:

2–4: ómerkt orð að mestu

5–8: listi með mannanöfnum

9–14: orðalistar að mestu ómerktilir

15–31: orðalistar að mestu án skýringa og orðin ómerkt

32–51: orðalisti í stafrófsröð (a-ið)

52–63: ýmis orð, flest ómerkt

64–98: orðalistar, fyrst aðallega úr b-i en þó annað innan um utan stafrófsraðar

99–101: orð merkt Nl., Þing. og Af. Björn vitnar víða í Hallgrím Scheving, kennara í Bessastaðaskóla (Schev.)

102–103: orðalistar. Sumt merkt Schev., annað landshlutum, enn annað ákveðnum bókum og sumt ómerkt.

104: orð merkt Sch. og Vf.

105–123: orðalistar að mestu ómerktilir

124: nokkur orð um horn sauðkinda

125–142: orðalistar mest ómerktilir. Dálítið um litarheiti dýra.

143–147: yfirskrift (143): „Úr lausum blöðum í Lbs. No 99 2o (Hannes Finnsson. Lex. isl.-lat. A-D). Þessi blöð virðast vera yngri en sjálft hdr.“ Síðan virðist yfirskrift yfir orðalistanum vera „Vestfirzka“. Orðin eru ekki merkt utan nokkur sem merkt eru Rang., Nl., sunnlenzka.

148: nokkur orð, flest ómerkt

158–163: úr stafsetningarhandriti Eggerts Ólafssonar

164–167: yfirskrift: „Sunnl.“

Bók XI:

3–5: orð merkt Árn.

6: orð merkt Vestm., Landeyjum, Dal.

7–8: orð merkt Eyf.

9: orð ýmist ómerkt eða merkt V-Skaft.

10: orð merkt Múl. og Þing.

11–24: yfirskrift (11): „V-Skaftaf. Sísla birjað 16. júlí 1890.“ Stundum er skotið inn orðum merktum Árn., Rang. og A-Skaft.

24 og aftur úr: að mestu auð

Bók XII:

- 1: orð merkt Sl. og Rang.
- 2: auð síða
- 3–4: nokkrar vísur
- 4–7: orðalisti merktur Rang., Álft., Múl., Nl.
- 8–16: orðalisti að mestu merktur Rang.
- 16–17: áletrun á rúnasteini í „Teigs kirkjugarði“
- 18: auð síða
- 19: orðalisti ómerktur
- 20: auð síða
- 21–25: orðalisti að mestu ómerktur
- 26 og aftur úr: autt

Bók XIII:

- 1–14: ýmis minnisatriði
- 17–24: yfirskrift (17): „Úr AM 481, 12mo. [Flest með hendi Árna. Á 1. blaðinu stendur: „Voculae Islandicae. Þjena til Lexicon.“]“
- 25–26: minnispunktar
- 27: orð merkt Þing., Árn., Breiðaf., Gullbr.
- 28–31: minnispunktar
- 32–36: orð merkt Árn., Eyf., Þing., Mývatni, Sl., Gullbr., Vestf., Austf., Vestm.
- 37: ættartré Gunnlaugs prests Gunnlaugssonar á Hálsi
- 38–42: orðalisti merktur Rang.
- 43: auð síða
- 44–: minnispunktar og auðar síður.

Bók XIV:

- Ekkert blaðsíðutal.
- (1): yfirskrift: „Spyrja um.“ Á eftir fylgja orð, ýmist merkt eða ómerkt, flest frá Vestfjörðum.
- (3): dags. jan. 1885
- Engir orðalistar.

Bók XV:

- Orð og orð á stangli með dönskum skýringum á fyrstu blöðunum. Annars auðar síður eða minnispunktar.

Bók XVI:

- 1–5: orðalisti. Það merkta er merkt Þing. og Eyf.
6–7: minnispunktar
8–11. orð að mestu merkt Eyf. Á bls. 9 eru eyfirsk framburðardæmi.
12–13: orð merkt Svarfd., Borgf., Skagaf., N-Þing., Múl., Hún.
14–21: orð að mestu merkt Eyf.
22: orð merkt Barðastr., Dýraf., Sigluf.
23: orð merkt Rang.
24: nokkur orð ómerkt
25–26: orð merkt Skagaf., Eyf., Húnv.
27: ómerkt orð
28: orð merkt Breiðaf.
29–30: orð merkt Eyf. og Sl.
31: orð merkt Árn.
32–35: orð merkt Borgarf., Dal., Barð., Dýraf.
36–37: ýmis orð um seli, virðast frá Breiðaf.
38: orð merkt Breiðaf., Dýraf. og Reykn.
39: framburðardæmi merkt „Reiknes.“
40: orð merkt „Reiknes.“
42–43: yfirskrift: „Viðartegundir Strand.“
44: vestfirsk framburðardæmi
45–46: orð merkt Strand.
47–49: litir sauðfjár, sennilega í Strandasýslu.
50: hestalitir
51–62: orð merkt Strand.
63–64: listi yfir blótsyrði
65: auð síða
66–79: orð merkt Strand.
80: nokkur orð ómerkt
81–90: orð merkt Breiðaf. og Reykhólasveit
91: orð merkt Strand.
92–93: orð merkt Húnav.
94: orð merkt Vestmey.
95: yfirskrift: „Arnljótur Ól.“ Síðan fylgja nokkur framburðardæmi.
96–97: orð merkt Múlas.
98: orð merkt Vestf., Múlas.
99: orð merkt Múlas., Snæf.
100: auð síða
101–103: nokkur framburðardæmi af Snæf., orð merkt Snæf.
103: orð merkt Hún.
104: orð merkt Mýras.
105–: auðar síður eða minnispunktar.

Bók XVII:

1–4: yfirskrift (1): „Austfirzka orð frá Þ. Thoroddsen.“ Átt er við Þorvald Thoroddsen (Guðrún Kvaran 2001).

5–17: Yfirskrift (5): „Hornfirzka frá sr. Jóni í Bjarnarnesi.“ Átt er við sr. Jón Jónsson sem oftast er kenndur við Stafafell í Lóni (Guðrún Kvaran 2001).

18–19: Yfirskrift (18): „Austfirzka JD.“ Líklega er átt við Jóhannes Daníelsson, Reyðarfirði, sbr. bók xviii og xx.

20: auð síða

21–52: orð merkt Hornaf., Öräfi, Mýr., V-Skaft.

53–56: orð merkt Mývatn, Axarf.

57–79: orð merkt Borgarf. (eystri), Hornaf., V-Skaft.

80–82: skrifað um mynd af Ólafi helga á Kálfafellsstað

83–143: orð merkt Múl., Hornaf., A-Skaft.

144–156: orð að mestu merkt Múl.

Bók XVIII:

1–4: minnispunktar

5: nokkur orð er tengjast bátum, flest ómerkt

6: nokkur orð merkt Gullbr., Árn., Rang., A-Skaft., Vestm.

7: eitt orð merkt Eyjaf.

8: orð merkt Rang., Árn., Hún.

9: orð merkt Vestm., Hornaf. og ómerkt

10–14: orð merkt A-Skaft.

15: orð merkt Múlas., A-Skaft., Árn.

16: orð merkt Austf., Aðalvík, Ísaf.

17: orð merkt Vestf., Aðalvík, Grunnavík

18: eitt orð merkt Dýraf.

19–28: minnispunktar

29: orð merkt Borgarf., Austf., Árn.

30: minnispunktar

31–34: orð merkt Árn.

34: orð úr Rang.

35: rúnasteinn frá Hjarðarholti í Dölum

36: orð merkt Sl., Austf.

37: orð merkt Rang.

38–43: minnispunktar

Afgangur bókar ekki merktur blaðsíðutali

(55–58): orð merkt Eyf., A-Skaft., Land., Rang., Árn., Snæf.

(63): tvö orð merkt Árn. og Rang.

Eftir þetta aðeins minnispunktar. Inn í bókina er lagður orðalisti í stafrófsröð (2 bls.).

Undir hann er skrifað Jóhannes Daníelsson og síðar hefur verið bætt við „Austurl. (Reyðarfjörður).“ Sjá einnig bók xvii og xx.

Bók XIX:

1: orð merkt Sl., Nl., Múl.

2: minnispunktar

3: orð merkt Þing., Múl., A-Skaft.

4–40. minnispunktar

41–48: ýmislegt haft eftir „Jóni blinda“ og merkt Þing. Margt af því snýr að framburði.

49: orð merkt Árn.

51: orð merkt Vestf.

52: eitt orð merkt Árn.

Afgangur bókar minnispunktar.

Bók XX:

Innan á kápu er skrifað „Sunnlenzka safnað 9. júlí–24. júlí 1885“. Ekkert blaðsíðutal er í bókinni. Merkt dæmi eru nánast eingöngu úr Árn. og Rang., stundum er þó aðeins merkt Sl.

Inn í bókina er lagður listi undirritaður af Jóhannesi Daníelssyni, sbr. bók xvii og xviii. Annar listi með sjö orðum er merktur: „Húsfrú Ingunn Jónsdóttir á Skipaskaga á Akranesi“.

Bók XXI:

1–2: minnispunktar

(3–5): orð merkt Vestf.

Síðan ekkert orðakyns.

Bók XXII:

Blað 1: „Sunnlenzka 9. júlí 1885 – 24. júlí 1885“.

Blað 2: „Rangvella sive Idiomata Rangvallensium. Jónas Jonæus collegit 1884–85.“

Hér er átt við sr. Jónas Jónasson (1856–1918) sem oftast er kenndur við Hrafnagil í Eyjafirði en þjónaði Stóruvöllum á Landi 1883–1884. Safn Jónasar er á blaði 1–18 og nær alltaf skrifað á annað hvert blað. Á hitt blaðið hefur Björn skrifað niður orð merkt Rang. en Jónas virðist sjálfur hafa skrifað niður orðasafn sitt.

19–32: langflest orðanna merkt Rang., einstaka þó Árn.

33–38: flest orðanna merkt Rang. og Árn. en innan um eru aðrar merkingar eins og Vf., Drangey., Ísaf., Sl., Borgf., Mosf.

Afgangur bókar nær allur auður. Aftarlega er þó eitt blað með yfirskriftinni „Framburður“. Um er að ræða fjórar athugasemdir með sömu hendi og „Rangvellan“:

v er sleppt í sagnorðum á va, t.d. er sagt hrökka, stökka, slökka etc. f[yrir] hrökkva etc.

Neutrum af fernir (quaterni), fernt, sem er alm. framborið fett, er frb. eystra fent.

H er nákvæmlega greint frá K, í þeim orð sem byrja á hv. Enn þá hverfr v í sumum orðum alveg, svo að „í Hvammi“ verður „í Hammi“.

t og k eru lin í enda atkvæðis.

Bók XXIII:

Bókin er ekki blaðsíðumerkt. Á síðustu tveimur blöðunum eru orð merkt Eyf. og Snæf.

Bók XXIV:

- 1: orð merkt Vf.
- 2: yfirskrift: „Spurníngar um Vestfirzku.“ Á eftir fylgir orðalisti.
- 3–4: orð merkt Af., og Borgf.
- 5–6: orð merkt Vf.
- 7: orð merkt Mýr., Vestm., Breiðf.
- 8: dregin upp mynd af bát ásamt orðum um einstaka hluta hans
- 9: orð merkt Skaft.
- 10: orð merkt Kjós., Árn.
- 11: orð merkt Rang., Vf.
- 12: orð merkt Hún., Eyf., Mýr.
- 13–14: orð merkt Rang., Eyf., Húnv., Snæf., Rang., Vf.
- 15–16: nokkur orð merkt Sv., önnur ómerkt
- 17–18: orð merkt Eyf. og Hún.
- 19–20: flest orðanna ómerkt, þó tvö merkt Dýrf. og Akranes
- 21–25: við þau orð sem eru merkt stendur Nl., Austf., Múl. og Eyf.
- 26: orð merkt Austf. og Sv.
- 27: orð merkt Borgf., Húnv.
- 28: orð merkt Sl., Árn.
- 29–30: orð merkt Eyf., Mýv., Austf., Húnv.
- 31: orð merkt Eyf.
- 32: eitt orð merkt Vf., önnur ómerkt
- 33: orð merkt Ísafjdj.
- 34: orð yfir rekavið á Ströndum
- 35: flest orð ómerkt., eitt merkt Múl.
- 36–37: orð merkt Borgf. og Rang.
- 38: orð merkt Eyf.
- 39: flest orð ómerkt
- 40–46: orð merkt Húnav., Borgf., Árn., Sl., Vf., Eyf., Rang.
- 47: minnispunktar
- 48: orð merkt V-Skaft., Nl.
- 49–50: minnispunktar
- 51–52: orð merkt Sigluf.
- 52–54: orð merkt Arnarf., Vf., mörg ómerkt

55–56: orð merkt Austf., Múl., A-Skaft.

57–58: orð merkt Húnv., Skaft.?, Eskif.

59–77: orð merkt Vopnaf., Álftaf., Hornf., Lón, A-Skaft., Múl.

Bók XXV:

Bókin hefst á löngum orðalista sem hefur yfirskriftina: „Dönsk og útlensk ord úr B.H's orðabók, ásamt nokkrum fleiri er finnast í daglegu máli og nýrri ritum“. Innan á kápu er skrifað S. Norðfjörð og virðist rithönd hin sama. Það mun vera Snorri Norðfjörð (1819–1894) sem prestur var í Hítarnesi. Um er að ræða uppskrift á mállýtasafni Hallgríms Schevings, *Florilegium*, og með B.H. er átt við orðabók Björns Halldórssonar sem gefin var út 1814.

Aftar í bókinni er annar listi með yfirskriftinni: „Dönsk ord i gamalli Islensku“. Og enn aftar „Ofauknir stafir í nýrri Islensku“. Þeir stafir sem rætt er um í síðasta listanum eru:

ð ut Þettað pro þetta, dæði pro dæi

g ut þaug pro þau

n ut gjarnan pro gjarna

r í acc.pl. ut fætarnar pro fæturna

t altsamant pro altsaman

s syssla pro sysla

r ofaukið í gen. og dat. fæm.sing. og gen.pl. í öllum kynferði af adj. uppa

ll (t.d. mikkill) og nn (t.d. einn). Í nýrri islensku er búið að gera adjectiva

í compar. ohneigjan og eins paric.act.

k skjaldan = sjaldan.

Á aftasta blaði er yfirskriftin „Stuttar höfuðreglur um y og ey“.

Bók XXVI:

Ekkert orðakyns.

Bók XXVII:

Ekkert orðakyns.

Bók XXVIII:

Ekkert orðakyns.

Bók XXIX:

Ekkert orðakyns.

Bók XXX:

Ekkert orðakyns.

Bók XXXI:

1–7: orð merkt Skf. (sennilega Skaftafellssýslur)

8–9: litarheiti dýra, sum merkt Skf.

10: orð merkt Skf., Rang.

11–14: yfirskrift (11): „fjárilitir“, flest orðanna ómerkt, sumt merkt Skf., örfá V- eða A-Skaft.

15: nokkur máleinkenni merkt Rang. og Skf.

16–39: orð merkt Skf., Rang., Árn., Sl.

40–48: merkt orð flest úr Árn.

49: ómerkt eða Skf.

50–88: orð merkt Árn., Rang., Skf., Sl., allmörg ómerkt. Innan um orð merkt Nl.

89–90: orð merkt Múl., Nl., Af.

Bók XXXII:

1–33: minnispunktar

34: orð merkt Vf.

35: orð merkt Af., Rang., Þing.

36–40: minnispunktar

41: orð merkt Eyf.

42–45: minnispunktar

46: nokkur orð merkt Nl., Vf., Sl.

47: orð merkt Austf.

Hér lýkur blaðsíðumerkingum. Aftar eru nokkur orð merkt Vestme.

Bók XXXIII:

Ekkert orðakyns.

Bók XXXIV:

1–5: Færeysk bæjanöfn

Annað ekki orðakyns.

Bók XXXV:

Ekkert orðakyns.

Bók XXXVI:

Engar blaðsíðumerkingar. Mest er um minnispunkta en orð og orð á stangli innan um. Þau eru: *fulhnúa* (Árn.), *þjanki* (Ólafsfj., Eyjaf.), *þrjótur* ‘þrjóskur’ (A-Skaft., Rang.), *alda* (Hvolhr.), *ríga* (Rang.), *koðna* (Rang.) Aftar eru þrjár blaðsíður með orðum úr Eyf.

Bók XXXVII:

Ekkert orðakyns.

Bók XXXVIII:

- 1: eitt orð merkt Eyf. (*varinhella*)
- 2: nokkur ómerkt orð
- 3: orðin flest ómerkt, þrjú merkt Árn.
- 4–5: orð merkt Mývatn, Eyf., Skagf.
- 5–8: orð að mestu merkt Borgf. og Mýr.
- 9: nokkur orð merkt Str., Önf., Sl.
- 10–11: orð merkt Hrepp, Sl., Rang.
- 12: minnispunktar
- 13–19: orð að mestu merkt Borgf., Mýr., Hnappad.
- 20–25: lýsing á myndum höggnum í stein í Hítardal
- 26–40: orð að mestu merkt Mýr., Hnapp., Breiðaf.
- 41–43: orð merkt Borgf., Mýr., Strand.
- 44: framburðartriði höfð eftir „séra Páli“. Um er að ræða 1) skilin milli *langur* og *lángur* sem talin eru við Steingrímsfjörð; 2) frb. *sagdi*, *gerdi*, *havdi* í Prestsbakkasókn; 3) sumir en þó færri segja *kómu*
- 45: orð merkt Mýr., Múl.
- 46: orð merkt Múl., Langanes, Vl.
- 47: orð merkt Vf., Eyf.
- 48: orð merkt Vf., Barðastr., Borgf.
- 49–50: orð merkt Borg., Eyf.
- 51–52: orð merkt Árn., Húnav., Mýr.
- 53: orð merkt Vf., Mýv. (Schev.), Norðl., Sl. Schev. er hugsanlega Hallgrímur Scheving.
- 54: flest orð ómerkt
- 55: framburðartriði: *þeira* = *þeirra* er merkt „Rang. austast og í V-Skaft“. Annars eru orðin merkt Nl. og Sl.
- 56: orð merkt Árn.
- 57–58: ýmis orð um skepnur merkt Sl.
- 59: orð merkt Rang., Af.
- 60–62: orð merkt Nl., Sl., allmörg þó ómerkt
- 63: orð merkt Nl., Borgf., Hornstr.

64: orð merkt Hornstr., Breiðaf., Af., Húnav., Vf. M.a. er dæmi um framburðinn *þerir* fyrir *þerrir* sem einnig er getið um í athugunum Björns í A-Skaft. (sjá einnig Guðrún Kvaran 2001).

65–79: orð að mestu merkt Vf.

80: orð merkt Borgarf. og Hvítársíða

81–82: ómerkt orð

83: minnispointar

84: orð merkt Skagf.

Bók XXXIX:

Bókin er ekki blaðsíðumerkt. Nánast ekkert orðakyns en framan við miðju eru nokkur orð á einni síðu merkt Eyf., Þing., Breiðaf., Gullbr., Rang. Enn aftur er orðið *strabbi* merkt Þing.

Bók XL:

Ekkert orðakyns.

4. Efni bókana og örlítil samanburður við orðabók Sigfúsar Blöndal

Af upptalningunni í þriðja kafla kemur glöggt fram að Björn hefur náð að ferðast um allt land við söfnun sína þótt hann hafi engan veginn lokið henni. Eins og áður getur vannst honum ekki tími til að vinna úr því efni sem safnaðist og er margt á huldu vegna þess hve mörg orðanna eru ómerkt og ekki var skipulega skráð í bækurnar þar sem hann var staddur hverju sinni. Oft eru vissulega heillegir kaflar frá einum stað og má geta sér þess til að Björn hafi þá setið á tali við góðan heimildarmann. Aftur á móti eru orð víða skrifuð upp orð í belg og biðu, jafnvel úr öllum landshlutum á sömu síðu.

Þegar Sigfús Blöndal notfærði sér vasabækurnar hefur hann víða orðið að meta hvort skrá skyldi landshlutamerkingu við einstök orð. Reynslan sýnir að það hefur hann mjög oft gert, og stuðst við Björn, þótt frekari athuganir hafi leitt í ljós að orðin eru þekkt víðar. Þess vegna verður að taka merkingar Sigfúsar með varúð. Hið eina sem þær í raun segja er að Sigfús hafði ekki dæmi annars staðar að.

Áhugavert getur verið að skoða nokkur dæmi hjá Birni og bera þau saman við Blöndalsbók. Merkingarnar sem skoðaðar verða eru frá Grímsey, Fljótum, Mývatni, Langanesi, Örafum, Landeyjum, Vestmannaeyjum, Arnarfirði og af Ströndum.

Grímsey merkir Björn t.d. orðin *sjónarbergsmáður* ‘sá sem lítur eftir sigamanni’, *sjónarbjarg* ‘staður þar sem sjónarbergsm. stendur á, „vera á sjónarbjargi“’, *troðjólást* ‘þrengja sér áfram’ og orðasambandið *leggjast út af óristur* ‘í öllum fötum’. Í orðabók Blöndals (hér eftir OBI) er *sjónarbjarg* merkt Grímsey. Það er *sjónarbjargsmáður* líka en Björn hefur ótvírætt skrifað tvisvar eftir heimildarmanni *sjónarbergsmáður*. Þá orðmynd merkir OBI Árn. og gefur merkinguna ‘Mand, som under Eftersøgning af Faar

í Bjærggræsgangene gaar paa Kanten af en Kløft for at varsko om Faar paa den anden Side'. *Troðjólasti* merkir OBI Grímsey. Orðasambandið fannst ekki.

Langanesi merkir Björn t.d. orðin *hræll* 'spýta til að hreinsa með dún á dúngrind', *sullgarðar* m.pl. 'klakahrönn í flæðarmáli', *skessilega* 'stórkostlega', *kimbill* 'böggull', *brimbútur* 'digur og lágur maður', *brosmalegur* 'klúr, gildur, svörgulslegur', *dælast* 'nauða, nöldra', *afskerapískur* 'lífill hákarl', *dusi* 'stór hákarl', *hitaloði* 'molluhiti'.

Orðið *hræll* er ómerkt í OBI sem bent gæti til að Sigfús hafi haft fleiri dæmi en frá Birni. Sama gildir um sögnina að *hræla* sem Sigfús hefur dæmi um úr *Lítilli varningsbók* eftir Jón Sigurðsson sem gefin var út 1861. Örfá dæmi eru til í söfnum Orðabókarinnar um *hræll* og benda þau ekki til staðbundins máls. Orðið *sullgarður* er sett upp í eintölu í OBI og merkt NI. Dæmi í ritmálssafni Orðabókarinnar eru flest norðlensk en þó ekki öll og dæmi í talmálssafni sýna að orðið er þekkt utan Norðurlands. Atviksorðið *skessilega* merkir OBI Langanesi en engin dæmi fundust í söfnum Orðabókarinnar. Orðið *kimbill* í böggulsmerkingunni er ómerkt í OBI og benda heimildir Orðabókarinnar ekki til þess að um staðbundna merkingu sé að ræða. Sú merking sem Björn nefnir í *brimbútur* er í viðbæti aftan við OBI og er Axarfirði bætt við sem einnig er frá Birni. Sama er að segja um orðin *brosmalegur*; *afskerapískur*; *hitaloði* og *dusi* að þau eru merkt Langanesi í viðbæti sem sýnir að verið var að vinna úr vasabókunum eftir að fyrstu arkirnar höfðu þegar verið prentaðar þótt Sigfús geti þess í formálanum að þau Björg Þorláksdóttir Blöndal, kona hans, hafi lokið uppskriftum 1917.

Öræfum merkir Björn t.d. orðin *dompinn* 'sem í er slen', *tadda* 'lífill poki', *dux*, *hann er ekki dux* 'ófrómur, þjófóttur', *handfellður* 'um börn, óþægur, sem allt af verður að hafa hönd á', *slembra* 'regnskúr', *lumprar* 'stórir vettlingar'. Í OBI er *dompinn* merkt V-Skaft., *tadda* er merkt Öræfum og Hornafirði og *dux* fannst ekki. Orðið *handfellður* er í viðbæti merkt SI. Það er ekki í ritmálssafni Orðabókarinnar en fáein dæmi fundust í talmálssafni sem bentu til Suðurlands öll nema eitt þar sem fram kom að orðið væri þekkt í Skagafjarðarsýslu og víðar. *Slembra* er ómerkt í OBI enda víðar þekkt en í Öræfum. Orðið *lumprar* er í OBI merkt Af. en í talmálssafni Orðabókarinnar eru öll dæmi úr A-Skaft. utan eitt úr Mýrdal.

Fljótum merkir Björn t.d. orðin *nasir* (á skíðum) 'fremri endinn á skíðum', *got* 'lífill hákarl', *stúfur* 'stærri en got', *brettingur* 'stærri en stúfur' og *gráni* 'hákarl'. *Nasir* í þessari merkingu er ómerkt í OBI. *Got* er einnig ómerkt enda víðar þekkt en í Skagafirði, *stúfur* er merkt Fljótum, *brettingur* er merktur Af. en *gráni* NI.

Arnarfirði merkir Björn t.d. orðin *ræpa* 'þoka á fjöllum' og sama er gert í OBI. Sögnin að *dapla* 'róa lítið eitt' er aftur á móti merkt Vf. í OBI. Um hana var eitt dæmi í talmálssafni en ekkert í ritmálssafni

Landeyjum merkir Björn orðið *kæfa* 'ágjöf í lendingu' sem í viðbæti OBI er merkt Rang.

Vestmannaeyjum merkir Björn orðin *hnoðaburður* 'steinnibba á bjargbrún sem sigmaður festir vaðinn í', *keppadrellir* 'maður sem fer aftastur upp á Súlnasker og ber alla keppina', *fýla* 'veiða fýl', *súla* 'veiða súlu' *bringur* 'flötur á kletti að framan milli „palla“'. Engin sérmerking er við *hnoðaburður* í OBI en dæmi er frá Ólafi Davíðssyni. Þegar betur er að gáð er merking ekki hin sama. Dæmi Orðabókarinnar úr ritmálssafni benda öll til Vestmannaeyja. *Keppadrellir* er ómerkt í OBI og vísað í *silakepp*. Sagnirnar

fýla og *súla* eru báðar merktar Vestm. Við orðið *bringur* eru merkingarnar Vf., Hún., Rang., Reykjanes þannig að Sigfús hefur haft dæmi víðar að en úr Vestmannaeyjum.

Mývatni merkir Björn t.d. orðin *reyði* kvk. ‘hnakkaflátur silungur’, *einætur* (silungur) ‘útiþurr en étinn ósoðinn’, *sporðungur* ‘silungur spyrstur saman við annan’, *lotningur* ‘óflattur, þurrkaður silungur’, *kræða* ‘lítill silungur’, *njálðra við e-ð* ‘smánudda við e-ð’, *pysja* ‘lin, mosavaxin jörð’. Í OBI er *reyði* ómerkt en ekkert dæmi var til í talmálssafni Orðabókarinnar. Dæmi OBI um *einætur* er annars vegar merkt úrelt úr orðabók Björns Halldórssonar og merkingin sögð ‘spiselig i raa Tilstand’, hins vegar er það merkt Vf. og Mývatn og merkingin einnig sögð ‘spiselig i raa Tilstand’. *Sporðungur* fannst ekki, *lotningur* er merkt Höfðahverfi og Sch. sem er Hallgrímur Scheving eins og áður hefur komið fram. *Kræða* er í viðbæti merkt Mývatni og sama er að segja um *njálðra* í fyrrgreindri merkingu. Merkingin ‘lin, mosavaxin jörð’ í orðinu *pysja* kemur ekki fram í OBI í nákvæmlega þessari merkingu. Þar stendur: „(*lópysja*) det øverste og yngste Törvelag, deraf i Alm. løs og daarlig Törv, „Hundekød“ (624).

Strandasýslu merkir Björn t.d. orðin *údill* ‘stjóri sem er festur á ytri enda á selanót’, *norskhöggvinn* ‘tré þegar það er sniðhöggvið frá báðum hliðum fyrir endann’. Á tveimur blaðsíðum eru taldar upp viðartegundir á Ströndum (sbr. bók xvi). Þar er m.a. að finna orðin *brúnselja*, *hvít selja*, *stokkselja*, *tjarfura* ‘hvítur viður með tjörulykt’, *lindifura* (sjaldgæf), *línfura* (algeng), *raudaviður*, *þinur* og *hríseik*. Gera má ráð fyrir að Björn hafi skrifað orðin upp eftir heimildarmanni. Við *údill* er í OBI merkt Strand. en við *norskhöggvinn* Vf. *Brún selju* hefur OBI úr ferðabók Þorvalds Thoroddsens en Þorvaldur nefnir hana reyndar einnig í *Lýsingu Íslands*: „Hornstrendingar gefa viðartegundum þeim, sem reka, ýms nöfn, t.d. raudiviður, hvítfura, tjarfura, línfura, selja, brún selja o.s.frv.“ (1931–1933:47). Þarna eru mörg þeirra orða sem nefnd voru úr vasabókinni. *Hvít selja* er ekki nefnd í OBI og ekki heldur *stokkselja*. *Tjarfura* segir Blöndal að sé sama og *lindifura* og merkir A-Skaft. sem ekki kemur heim og saman við ummæli Björns og Þorvalds. *Línfura* fannst ekki og *raudavið* hefur OBI frá Þorvaldi. *Þinur* er merkt sem úrelt mál í merkingunni ‘fura’ en *hríseik* fannst ekki.

Í orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (AM 433 fol.) er fá þessara vestfirsku orða að finna. Þar er orðið *selja* um viðartegund og orðin *hríseik* og *tjarfura* en ekki önnur af viðarheitunum.

5. Niðurlag

Ljóst er að vasabækur Björns M. Ólsens hafa talsvert gildi við rannsóknir á íslenskum orðaforða. Björn hefur væntanlega skráð niður það sem hann þekkti ekki úr eigin málumhverfi en hafði eftir þeim sem hann ræddi við. Mikilvægt er því að fara yfir allar bækurnar og gera efni þeirra tölvutækt þannig að unnt verði að raða saman orðum sem Björn merkir ákveðnum landshlutum. Þá stæðu eftir þau orð sem hann hefur skráð hjá sér en ekki merkt sérstaklega. Þau þarf öll að bera að söfnum Orðabókarinnar og athuga hvort þau eru vel þekkt víða eða hvort þau eru staðbundin.

Víðar leynast heimildir um staðbundinn orðaforða en hjá Birni M. Ólsen Vinnan við vasabækurnar yrði aðeins eitt fyrsta skrefið til að kortleggja markvisst staðbundinn orðaforða sem er afar mikilvægt verkefni í íslenskri orðsögu.

Heimildir

- Guðrún Kvaran. 1988. Sérsöfn Orðabókar Háskólans. *Orð og tunga* 1. Bls. 51–64.
- Guðrún Kvaran. 2001. Nokkrar athuganir á orðum á suðaustanverðu landinu. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 22. (Í prentun).
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1997. Mállýskuorð. *Orð og tunga* 3. Bls. 21–24.
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1999. Inngangur. Í: *Lexicon Islandicum. Orðabók Guðmundar Andréssonar*. Orðfræðirit fyrri alda IV. Orðabók Háskólans, Reykjavík. Bls. ix–xxxv.
- Jón Aðalsteinn Jónsson. 1992. Formáli. Í: Björn Halldórsson. *Orðabók. Íslensk–latnesk–dönsk*. Orðfræðirit fyrri alda II. Orðabók Háskólans, Reykjavík. Bls. ix–xxix.
- Jón Sigurðsson. 1861. *Lítill varningsbók, handa bændum og búmönnum á Íslandi, samin eptir ýmsum skýrslum ...*. Kaupmannahöfn.
- OBI = Sigfús Blöndal.
- Sigfús Blöndal. 1920–24. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík. (Formáli bls. vii–xxxii).
- Þorvaldur Thoroddsen. 1931–1933. *Lýsing Íslands*. 2. útg. Reykjavík.